

Alþingi, nefndarsvið
Kirkjustræti
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 5. mars 2015
R2015030009/12.8.4

Umsögn ríkisskattstjóra um tillögu til þingsályktunar um skattaflátt vegna kostnaðar við ferðir til og frá vinnu - 109. mál, þskj. 109

Ríkisskattstjóri þakkar fyrir tölvupóst sem barst 5. mars 2015 þar sem gefinn er kostur á að veita umsögn um ofangreint þingmál.

Með tillögunni er lagt til að Alþingi álykti að fela fjármála- og efnahagsráðherra að undirbúa og leggja fram á Alþingi frumvarp til laga um breytingu á lögum um tekjuskatt sem felir í sér heimild ráðherra til að útfæra og setja reglur um afslátt af tekjuskatti þeim til handa sem bera háan kostnað vegna ferða til og frá vinnu innan tiltekinna og skilgreindra atvinnusvæða.

Í greinargerð með tillögunni kemur fram að fólk í þéttbýli sem dreifbýli hafi í síauknum mæli leitað í störf í nágretta bæjar- og sveitarfélögum. Þessi þróun hafi leitt af sér sífellt stækkandi atvinnusvæði og lengri akstur og ferðir vegna vinnu. Þá sé ljóst að á sumum svæðum sé engum almenningsamgöngum til að dreifa.

Jafnframt kemur fram í tillögunni að hún sé sama efnis og tillögur sem lagðar hafa verið fram á 140. löggjafarþingi (639. mál), 141. löggjafarþingi (105. mál) og 143. löggjafarþingi (300. mál).

Af framangreindu tilefni leyfir ríkisskattstjóri sér að vísa til umsagnar sem send var nefndasviði Alþingis þann 30. janúar 2013. Í umsögninni segir:

„Tillaga þessi er frekar óljós og virðist samkvæmt henni að ráðherra sé ætlað að móta frádráttarreglur. Meginreglan er hins vegar sú í lögum um tekjuskatt að frádráttarliðir séu ákveðnir með lögum. Ekki kemur fram hvort að slíkar frádráttarreglur sé ætlaður staður í skattmati sem ríkisskattstjóri semur og gefur út að fengnu samþykki fjármála- og efnahagsráðherra. Þá er mikilvægt að haft sé í huga að allar frádráttarreglur frá tekjuskattsstofni eru einnig frádráttarreglur frá útsvarsstofni. Ekki kemur heldur fram í tillögunni hvort hinum nýju viðmiðunum sé ætlað að gilda einungis við álagningu opinberra gjalda eða hvort að launagreiðandi eigi að veita afslátt frá staðgreiðslu opinberra gjalda.

Ríkisskattstjóri leyfir sér að benda á að frádráttur vegna ferðakostnaðar milli heimilis og vinnustaðar var felldur niður fyrir 26 árum síðan þegar staðgreiðsla opinberra gjalda var tekin upp. Sá frádráttur var bundinn skilyrðum um tiltekna fjarlægð milli heimilis og vinnustaðar. Rök fyrir niðurfellingu frádráttarins á sínum tíma voru þau að frádrættir væru almennt taldir flækja skattframkvæmd, bæði í staðgreiðslu og við álagningu. Flóknari skattframkvæmd leiðir almennt til þess að skatteftirlit er erfiðara

en ella. Ennfremur er ljóst að með upptöku staðgreiðslukerfisins var stefnt að einföldu og gagnsæju skattkerfi með fáum frádráttarheimildum og þannig myndi skapast grundvöllur til að hafa skattstofninn sem breiðastan en skatthlutföllin sem lægst. Eiga sömu sjónarmið við í dag. Þá er ástæða til að taka fram að samhliða niðurfellingu á nokkrum frádráttarliðum var tekinn upp hár persónuafsláttur sem m.a. var ætlað að bæta fyrir niðurfellingu frádráttarliða. Upptaka frádráttarheimildar af þessu tagi yrði brotthvarf frá fyrri stefnumörkun.


Ástæða er til að taka fram að í gildistíð eldri laga risu mörg ágreiningsmál milli skattstjóra sem þá störfuðu og hlutaðeigandi framteljanda um réttmæti frádráttar, þar sem deilt var um fjarlægðir á milli vinnustaða og heimilis. Augljóst er því að ef af slíkri lögfestingu yrði myndi ekki aðeins skattframkvæmdin flækjast heldur fjölga deilumálum sem skapar aukið álag á skattyfirvöld, ríkisskattstjóra og yfirskattanefnd og þar með auka kostnað við skattframkvæmd sem því nemur.

Að framangreindu virtu telur ríkisskattstjóri afar margt mæla gegn samþykkt tillögunnar.“

Að mati ríkisskattstjóri er ekki ástæða til að fjölyrða frekar um efni þeirrar tillögu sem hér er til umsagnar og vísar til fyrri umsagnar um sama efni.

Virðingarfyllst


Skúli Eggert Þórðarson


Guðrún J. Jónsdóttir